



**Ákvörðun Hugverkastofunnar
í niðurfellingarmáli
nr. 2/2026
18. febrúar 2026**

Þann 18. mars 2011 lagði Þórey Anna Matthíasdóttir inn umsókn um skráningu vörumerkisins Hansa Merchant Iceland (orðmerki) nr. V0081460 (áður skráning nr. 824/2011).¹ Sótt var um skráningu fyrir vörur og þjónustu í flokkum 31, 33 og 39. Merkið var skráð þann 3. maí 2011 og birt í ELS-tíðindum² þann 15. maí 2011.

Með erindi, dags. 29. ágúst 2025, barst krafa frá Árnason Faktor ehf. f.h. Hansa Borg Bryggerier AS, Noregi um að skráning merkisins yrði felld niður á grundvelli a. liðar 1. mgr. 28. gr. c. laga nr. 45/1997 um vörumerki (vml). Beiðnin byggði á því að merkið hefði ekki verið notað hér á landi í samræmi við 25. gr. vml.

Meðan á meðferð málsins stóð lögðu málsaðilar inn tvær greinargerðir hvor. Með erindi Hugverkastofunnar þann 17. desember 2025 var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að ákvarðað yrði í málinu á grundvelli fyrirliggjandi gagna.³

Niðurstaða

Hver sem er getur farið fram á niðurfellingu skráningar, sbr. 2. mgr. 28. gr. c. vml. Slík beiðni skal vera skrifleg og rökstudd og henni fylgja tilskilið gjald, sbr. 1. mgr. 28. gr. d. vml. Beiðnin skal enn fremur uppfylla þær kröfur sem fram koma í reglugerð um umsóknir og skráningar vörumerkja, félagamerkja og ábyrgðar- og gæðamerkja nr. 850/2020 (rgl.). Sú krafa sem er hér til skoðunar uppfyllir öll formaskilyrði og verður því tekin til efnislegrar meðferðar.

Samkvæmt 1. mgr. 28. gr. c. vml. er unnt að fella niður skráningu, í heild eða að hluta, með dómi eða ákvörðun Hugverkastofunnar ef merki:

- a. hefur ekki verið notað hér á landi í samræmi við 25. gr. innan fimm ára frá því að skráningarferli lauk fyrir þær vörur eða þjónustu sem það er skráð fyrir eða hefur ekki verið notað í fimm ár samfellt, nema gildar ástæður séu fyrir því að það hefur ekki verið notað,
- b. hefur vegna athafna eða athafnaleysis eiganda þess öðlast almenna merkingu fyrir vöru eða þjónustu á því sviði sem skráning tekur til,

¹ Með birtingu í 1. tbl. Hugverkatíðinda 2021 voru ný, einkvæn númer tekin upp í stað umsókna- og skráningarnúmera áður.

² Nú Hugverkatíðindi, sbr. 21. gr. laga um vörumerki með þeim breytingum sem urðu á ákvæðinu með 17. gr. laga nr. 71/2020 um breytingu á lögum um vörumerki nr. 45/1997.

³ Greinargerðir málsaðila fylgja ákvörðun við birtingu á www.hugverk.is. Sé um að ræða fylgiskjöl með greinargerðum málsaðila er unnt að fá aðgang að þeim í samræmi við upplýsingalög nr. 140/2012.



c. er notað af eiganda þess eða með samþykki hans með þeim hætti að villt getur um fyrir almenningi, m.a. að því er varðar eiginleika, gæði eða landfræðilegan uppruna vöru eða þjónustu.

Þar sem merkið Hansa Merchant Iceland var skráð í gildistíð eldri ákvæða laganna þarf að líta til 39. gr. laga nr. 71/2020 um lagaskil. Í ákvæðinu kemur fram að einungis sé mögulegt að fá vörumerki, félagamerki eða ábyrgðar- og gæðamerki, sem skráð voru fyrir gildistöku laganna, felld niður eða takmörkuð, t.d. í niðurfellingarmáli, hafi slík niðurstaða verið möguleg á grundvelli eldri lagaákvæða. Krafa um niðurfellingu í því máli sem hér er til meðferðar byggir á því að merkið hafi ekki verið notað hér á landi frá þeim tíma sem það var skráð, sbr. 25. gr. vml. Málsmeðferð til niðurfellingar skráningar á þeim grundvelli var einnig möguleg fyrir breytingar þær sem urðu með lögum nr. 71/2020, sbr. áður 30. gr. a. laga nr. 45/1997.

Notkun

Samkvæmt 1. mgr. 25. gr., sbr. a. lið. 1. mgr. 28. gr. c. vml., er unnt að fella skráningu úr gildi með dómi eða ákvörðun Hugverkastofunnar, hafi eigandi að skráðu vörumerki ekki, innan fimm ára frá skráningardegi, hafið raunverulega notkun vörumerkis hér á landi fyrir þær vörur eða þjónustu sem það er skráð fyrir eða hafi slík notkun fallið niður í fimm ár, nema gildar ástæður séu fyrir því að notkun á vörumerkinu hafi ekki átt sér stað. Tilgangur 1. mgr. 25. gr. vml. er m.a. sá að koma í veg fyrir að skráður rétthafi að vörumerki, sem ekki notar það í tengslum við raunverulega markaðssetningu vöru eða þjónustu, geti án takmörkunar haldið þeim rétti sínum.

Í 5. gr. vml. er skilgreint hvað felst í notkun vörumerkis í atvinnustarfsemi. Með notkun í skilningi ákvæðisins er m.a. átt við að merki sé sett á vöru eða umbúðir hennar, vara, þjónusta eða annað sem auðkennt er með merki sé boðið til sölu, markaðssett eða flutt inn / út eða að merkið sé notað í auglýsingum, á viðskiptaskjölum eða sem viðskipta- eða fyrirtækjaheiti. Ekki er um tæmandi talningu að ræða á því hvað telst vera notkun. Ekki er heldur gerð krafa um tímalengd eða umfang notkunar en þó er gerð krafa til þess að um raunverulega notkun sé að ræða, sbr. dóm Hæstaréttar frá 6. maí 2009 í máli nr. 437/2008 (ICEAVIA). Í þeim dómi kemur jafnframt fram að eigandi merkis beri sönnunarbyrðina fyrir því að hann hafi notað vörumerki sitt með þeim hætti sem áskilið er.

Skráning merkisins Hansa Merchant Iceland nr. V0081460 hefur verið í gildi hér á landi frá árinu 2011 og því ljóst að meira en fimm ár eru liðin frá því merkið var skráð. Við skilgreiningu á fimm ára tímabili samkvæmt 1. mgr. 25. gr., sbr. a. lið. 1. mgr. 28. gr. c., er miðað við fimm ár áður en krafa um niðurfellingu kom fram, sbr. 4. mgr. 28. gr. c. vml. Eiganda merkisins bar því að sýna fram á að raunveruleg notkun merkisins hafi farið á tímabilinu 28. ágúst 2020 fram til 28. ágúst 2025, fyrir þær vörur og þá þjónustu sem skráning merkisins nær til í flokkum 31, 33 og 39.

Í fyrra erindi eiganda, dags. 1. október 2025, kemur fram að vörumerkið Hansa Merchant Iceland sé hluti af verkefni sem miði að því að þróa og byggja upp menningartengda ferðaþjónustu sem byggir á sögu Hansa kaupmanna hér á landi á þeim tíma sem kallaður er þýska öldin. Kveðst eigandi hafa stofnað fyrirtækið Hansa Merchant Iceland ehf. utan um verkefnið en um sé að ræða stórt og umfangsmikið verkefni með aðkomu bæði ríkis og sveitarfélaga. Mikill tími hafi farið í undirbúning, öflun gagna, hönnun verkefna o.fl. Boðið hafi verið upp á ýmsa viðburði tengda verkefninu og stefnt sé að umfangsmiklum framkvæmdum á næstu árum.

Þann 22. október 2025 lagði eigandi fram gögn erindi sínu til stuðnings, sbr. fylgiskjöl 1 - 3. Um er að ræða eftirfarandi gögn: 1) Tölvupóst frá formanni bæjarráðs Hafnafjarðar um þátttöku eiganda í störfum á vegum Hafnafjarðar. Umrætt vörumerki kemur ekki fram. 2) Tölvupóst frá eiganda VON Iceland Harðfiskverkunnar ehf. um samtarf við Hansa Merchant Iceland ehf. um vöruþróun og markaðsefni undir



umræddu vörumerki. Í erindinu koma engar upplýsingar fram um tímabil notkunar umrædds vörumerkis eða umfang. 3) Staðfesting frá Ferðamálastofu um starfsleyfi félagsins Hansa Merchant Iceland ehf. sem ferðasali dagsferða. Útgáfudagur starfsleyfisins er 27. september 2019 sem er utan þess tímaviðmiðs sem miða ber við í máli þessu, sbr. 4. mgr. 28. gr. c. vml., er leyfið er hins vegar ótímabundið. Þrátt fyrir að eigandi hafi gilt starfsleyfi sýna framlögð gögn ekki fram á notkun vörumerkisins sem um ræðir fyrir þær vörur og þjónustu sem merkið er skráð fyrir. Stofnunin telur ofangreind gögn því ekki næg til að sýna fram á raunverulega notkun vörumerkis í skilningi vörumerkjalaga.

Í seinna erindi eiganda, dags. 12. desember 2025, var af hálfu eiganda áfram byggt á því að merkið hafi verið í raunverulegri notkun hér á landi og er í því sambandi vísað til 10 fylgiskjala til viðbótar. Þá var lögð áhersla á að umrætt vörumerki væri notað sem fyrirtækjaheiti, sbr. félagið Hansa Merchant Iceland ehf., kt. 520711-0150, skráð 7. júlí 2011. Líkt og bent er á í erindi beiðanda, dags. 31. október 2025, þá bera ársreikningar félagsins með sér að starfsemin liggi að mestu niðri. Að mati stofnunarinnar verður skráning í fyrirtækjaskrá ekki talin uppfylla kröfur vörumerkjalaga um notkun á vörumerki í atvinnuskyni nema önnur framlögð gögn styðji við slíka notkun. Önnur framlögð gögn eru sömuleiðis þess eðlis að ekki er unnt að taka þau til greina sem fullnægjandi notkunargögn í skilningi vörumerkjalaga en sum þeirra innihalda ekki umrætt vörumerki og önnur eru ódagsett, sbr. t.d. fylgiskjöl nr. 3, 6 og 7. Varðandi fylgiskjal nr. 4, sem sýnir ódagsett skjáskot af heimasíðu Markaðsstofu Hafnarfjarðar, þar sem Hansa Merchant Iceland er talið upp sem skráð aðildarfyrirtæki í flokki fyrirtækja í ferðaþjónustu, þá telur stofnunin að þrátt fyrir slíka skráningu að þá þurfi önnur gögn að styðja við að tiltekið vörumerki sé í notkun út á við gagnvart neytendum til að unnt sé að leggja gagnið til grundvallar í máli þessu. Þá leggur eigandi fram m.a. Powerpoint kynningu sem haldið er fram að hafi verið notuð til kynninga fyrir sveitarfélög og fyrirtæki hér á landi en engin gögn eru lögð fram til að styðja við þær fullyrðingar. Einnig er lagt fram skjáskot af Facebook síðu sem sýnir fram á afar litla virkni og alls fjóra fylgjendur. Hvað varðar fylgigögn nr. 8 -11, sem eigandi vísar til sem undirbúningsgagna fyrir þróun Hansaseturs, þá telur stofnunin umrædd gögn ekki sýna fram á notkun umrædds vörumerkis í skilningi vörumerkjalaga.

Eins og bent er á af hálfu beiðanda og stutt er af dómaframkvæmd á þessu sviði,⁴ eru lágmarkskröfur gerðar til gagna sem sýnt geta fram á notkun vörumerkis, en þau þurfa m.a. að vera skýr og sýna fram á raunverulega og nægjanlega virka (e. *real and effective*) notkun merkis á þeim markaði sem hér um ræðir. Þá þurfa gögnin að vera dagsett og sýna virka notkun á umræddu tímabili. Þegar gögnin eru metin í heild sinni þá verða þau ekki talin sýna fram á ofangreint, þrátt fyrir að stofnunin telji að mögulega megi lesa úr gögnunum fyrirætlun til að hefja notkun umrædds merkis. Við mat á framlögðum gögnum og röksemdum eiganda fyrir töfum á eiginlegri notkun merkisins, svo sem vegna COVID faraldurs og umfangs verkefnisins, sbr. greinargerð eiganda dags. 12. desember 2025, bar stofnunni að taka með í matið að um er að ræða skráningu sem hefur verið í gildi lengi út frá sjónarmiðum um notkun eða í 15 ár þegar þetta er ritað, þ.e. frá árinu 2011. Þrátt fyrir að framlögð gögn kunni að sýna fram á ákveðna fyrirætlun að hefja notkun merkisins þá skortir að mati stofnunarinnar á skýrleika gagnanna en dæmi um gögn sem stofnunin myndi geta litið til og metið fullnægjandi í þessu tilliti væru t.d. dagsett og afdráttarlaus gögn um undirbúning markaðssetningar undir því vörumerki sem um ræðir og fyrir þær vörur- og þjónustu sem um ræðir, svo sem samþykktar viðskipta- og markaðsáætlanir, gögn um fyrirætlaðar auglýsingaherferðir o.fl. Með vísan í ofangreint ber eigandi hallann af skorti á sönnun hvað notkun merkis hans varðar.

Beiðni um að skráning vörumerkisins Hansa Merchant Iceland (orðmerki) nr. V0081460 verði felld niður er því tekin til greina og miðast réttaráhrif ákvörðunarinnar við dagsetningu beiðinnar, þ.e. 28. ágúst 2025, sbr. 2. mgr. 28. gr. e. vml.

⁴ Sjá auk dóms Hæstaréttar í máli vegna merkisins ICEAVIA, m.a. dóma Evrópuðómstólsins sem vísað er til, þ.e. T-382/08 (VOGUE) og T-495-7/12 (DRACULA).



Merkið verður afmáð úr vörumerkjaskrá í samræmi við niðurstöðu þegar endanleg úrlausn áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar eða dómstóla liggur fyrir, ef við á, sbr. 3. mgr. 44. gr. rgl.

Ákvörðunarorð

Skráning merkisins Hansa Merchant Iceland (orðmerki) nr. V0081460 er felld úr gildi frá 29. ágúst 2025.

f.h. Hugverkastofunnar

Sif Steingrímsdóttir
Lögfræðingur

Vakin er athygli á því að skv. 1. mgr. 63. gr. laga um vörumerki geta aðilar máls áfrýjað ákvörðun Hugverkastofunnar innan **tveggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar** til áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Áfrýjunargjald samkvæmt gildandi reglugerð um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki og hönnun greiðist menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti við áfrýjun. Vinnist mál hjá áfrýjunarnefnd er hluti áfrýjunargjalds endurgreitt.

Hugverkastofan
Katrínartún 4
105 Reykjavík

Reykjavík, 28. ágúst 2025

Krafa um niðurfellingu skráningar nr.
V0081460, HANSA MERCHANT ICELAND (orðmerki)
Eigandi: Þórey Anna Matthíasdóttir, Hringbraut 11, 220 Hafnarfirði, Ísland
Okkar tilvísun: E1135IS00

Vísað er til skráningar vörumerkisins HANSA MERCHANT ICELAND (orðmerki), sbr. skráning nr.V0081460, í flokkum 31, 33 og 39 í eigu Þóreyjar Önnu Matthíasdóttur.

Fyrir hönd umbjóðanda okkar, Hansa Borg Bryggerier AS, Kokstaddalen 3 5257 Kokstad, Noregi, leggjum við hér með inn

KRÖFU UM NIÐURFELLINGU SKRÁNINGAR

framangreinds vörumerkis fyrir allar skráðar vörur í flokkum 31, 33 og 39, með vísan til a-liðar. 1. mgr. 28. gr. c. laga nr. 45/1997 um vörumerki (hér eftir vml.), sbr. 25. gr. sömu laga.

Helstu rök fyrir kröfu um niðurfellingu skráningarinnar eru þau að framangreind skráning uppfyllir ekki skilyrði 25. gr. vml. um notkun merkisins hér á landi. Engar upplýsingar liggja fyrir um að fyrrgreint vörumerki hafi verið notað hér á landi s.l. 5 ár, en merkið var skráð 3. maí 2011.

Einnig er vísað til 2. mgr. 28. gr. c. vml. þar sem segir að hver sem er geti farið fram á niðurfellingu skráningar.

Framangreint eru helstu rök fyrir kröfu um niðurfellingu skráningarinnar en við áskiljum okkur jafnframt rétt til að koma að frekari röksemdum á síðari stigum gerist þess þörf.

Beiðni þessari fylgir, skv. 1. mgr. 28. gr. d. vml., greiðsla gjalds að upphæð kr. 50.000,- skv. 12. gr. reglugerðar nr. 1279/2024 um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.

Virðingarfyllt
Arnason Faktor



Ragnheiður B. Sighvatsdóttir, lögfr.

Hugverkastofan
B.t. Sif Steingrímsdóttir, lögfræðingurKatrínartúni 4
105 Reykjavík

Mótt.:	Hugverkastofan
	03. okt. 2025 4.4
Málsnr.	202508-11279

Hafnarfirði, 1 október 2025

Svar við erindi Hugverkastofu með tilvísun: 202508-11279, 4.4

Sæl

Svar mitt með vísan í erindi frá Hugverkastofu, er mér barst með bréfi dags. 1. september 2025, þar sem óskað var eftir viðbrögðum mínum, vegna erindis er Hugverkastofu hefur borist frá erlendu brugghúsi, sem óskað hefur eftir því að Hugverkastofa felli niður einkaleyfi mitt á vörumerkinu: Hansa Merchant Iceland (orðamerki), nr. VOO81460. Flokkar 31, 33 og 39

Hansa Merchant Iceland er skráð vörumerki, sem hluti af verkefni er miðar að því að þróa og byggja menningatengda ferðaþjónustu, er byggir á sögu Hansa kaupmanna hér á landi, á þeim tíma er kallaður er Þýska öldin.

Á meðan önnur lönd, þar sem Hansakaupmenn byggðu svokallaða Hansaverslunarstaði, hafa byggt menningartengda ferðaþjónustu, sem byggir á þeirra sögu, þá höfum við Íslendingar varla gefið þessu neinn gaum. Undirrituð hef farið fyrir metnaðarfullu verkefni, sem miðar að því að breyta þessu. Í þessum tilgangi hef ég m.a. stofnað fyrirtækið Hansa Merchant Iceland ehf.

Þar sem um stórt og umfangsmikið verkefni er að ræða, þar sem aðkomu bæði ríkis og sveitarfélaga er nauðsynleg, þá hefur mikill tími farið í undirbúning, öflun gagna, hönnun verkefna o.fl. Á sama tíma hefur verið boðið upp á ýmsa viðburði til þess að vekja áhuga á verkefninu. Má þar nefna Hansakaupmanna leiðsögn í Hansabænum Hafnarfirði, fyrirlestrar um menningar tengdum Hansakaupmönnum á Íslandi. Unnið að frumkvöðlavinnu með ferðaþjónustu í Hansabæjunum Stykkishólmi og Eyjum, þar sem mikilvægi þess að hafa skráð vörumerkið á flokkana 31, 33 og 39 hefur sannað sig.

Vegna reynslu minnar af ýmsum samfélagsverkefnum bæði á vegum ríkisins, en einnig á sveitarstjórnarsviðinu, þá hefur gengið vonum framár að leggja grunn að öflugum framkvæmdum á næstu árum. Nú nýverið gerðist Hansa Merchant Iceland ehf, hluthafi í fyrirtæki er flytur inn sænsk hús, en með því skrefi tryggjum við okkur hagstæð kjör og samninga þegar kemur að því að byggja þau Pakkhús og Sjóhús sem stefnt er að því að byggja, sem hluta af þessu viðamikla verkefni.

Að framansögðu má ljóst vera, að ekki kemur til greina af minni hálfu að falla frá réttindum mínum til notkunar á vörumerkinu Hansa Merchant Iceland, enda myndi það stórskaða verkefnið, sem og fyrirtæki mitt sem ber sama nafn.

Með kveðju
Þórey Anna Kort Matthíasdóttir, framkvæmdastjóri

Hugverkastofan
Katrínartúni 4
105 Reykjavík

Reykjavík, 31. október 2025

Varðar: Krafa um niðurfellingu skráningar nr. V0081460, Hansa Merchant Iceland (orðmerki)
Í eigu: Þóreyjar Önnu Matthíasdóttur, Hringbraut 11, 220 Hafnarfirði.
Beiðandi: Hansa Borg Bryggerier AS, Kokstaddalen 3 5257 Kokstad, Noregi
Okkar tilvísun: E1135IS00
Tilvísun Hugverkastofunnar: 202508-11279, 4.4
Frestur: 22. Nóvember 2025

Vísað er til erindia eiganda ofangreindrar skráningar, dags. 1. og 23. október 2025.

Beiðandi, telur þau gögn sem eigandi skráningar nr. V0081460, HANSA MERCHANT ICELAND hefur lagt fram nægi ekki til að þess að sýna fram á notkun og því beri að taka kröfu um niðurfellingu til greina, sbr. 1. mgr. 28. c og 1. mgr. 25. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki (hér eftir „vml.“).

Fyrir hönd umbjóðanda okkar gerum við þá kröfu að Hugverkastofan ákvarði að ofangreind vörumerkjaskráning nr. V0081460 verði feld úr gildi fyrir allar vörur skráningarinnar í flokkum 31, 33 og 39, enda er merkið ekki í raunverulegri notkun hér á landi.

Máli okkar til stuðnings vísuð við til eftirfarandi röksemda.

I. Niðurfelling á grundvelli notkunarleysis

Í 1. mgr. 25. gr. vml. er kveðið á um að ef eigandi að skráðu vörumerki hefur ekki, innan fimm ára frá því að skráningarferli lauk, hafið raunverulega notkun vörumerkis hér á landi fyrir þá vöru eða þjónustu sem það er skráð fyrir, eða hafi slík notkun fallið niður í fimm ár samfellt, má fella niður skráninguna með dómi eða ákvörðun Hugverkastofunnar, sbr. 28. gr. c, nema gildar ástæður séu fyrir því að notkun á vörumerkinu hafi ekki átt sér stað.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 437/2008 þar sem krafist var ógildingar á vörumerkjaskráningunni ICEAVIA, segir að eigandi merkis beri sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi notað vörumerki sitt með þeim hætt sem áskilið er, notkun merkis við markaðssetningu þurfi að vera raunveruleg en ekki aðeins til málamynda og tengjast raunverulega þeirri vöru eða þjónustu sem tiltekin er í skráningu merkisins.

Með notkun vörumerkis í atvinnustarfsemi er m.a. átt við eftirfarandi, samkvæmt 5. gr. vml.:

1. merki er sett á vöru eða umbúðir hennar, svo sem á merkimiða, límmiða, búnað til að tryggja öryggi og sannprófa ósvikni, eða annað sem hægt er að festa vörumerkið á,
2. vara, þjónusta eða annað sem auðkennt er með merki er flutt inn eða út, boðið til sölu, markaðssett, markaðssetning undirbúin eða birgðum af vörunni safnað í þeim tilgangi,
3. merki er notað í auglýsingum eða á viðskiptaskjölum, eða

ARNASON FAKTOR

Gudridarstig 2 - 4 | 113 Reykjavík | Iceland
Tel. (354) 5 400 200 | Fax (354) 5 400 201
mail@arnasonfaktor.is | arnasonfaktor.is

4. merki er notað sem viðskiptaheiti eða fyrirtækjaheiti eða sem hluti þess.

Um raunverulega notkun þarf að vera að ræða, en ekki aðeins til málamynda. Ekki er til skilgreining innan vörumerkjaréttar á hugtakinu raunveruleg notkun en ákveðin sjónarmið hafa mótast í framkvæmd Evrópudómstólsins, sbr. m.a. mál nr. C-40/01 frá 11. mars 2003 (MINIMAX), en í málinu voru sett fram nokkur viðmið um túlkun hugtaksins. Í ákvörðuninni er fjallað nánar um viðmiðin um túlkunina og segir þar orðrétt:

[...] Þar sagði m.a. að raunveruleg notkun merkti notkun sem væri ekki einungis til málamynda í því skyni að viðhalda réttindum. Raunveruleg notkun þyrfti að vera í samræmi við tilgang vörumerkis, þ.e. að vera viðskiptalegt auðkenni vöru eða þjónustu og um notkun á markaði þyrfti að vera að ræða en ekki aðeins innri notkun (e. internal use). Þá þyrfti notkunin að varða vöru eða þjónustu sem væri nú þegar á markaði eða þar sem markaðssetning væri undirbúin, einkum með auglýsingarherferð. Enn fremur sagði í dóminum að notkun þyrfti ekki alltaf að vera umtalsverð til að teljast raunveruleg.

II. Notkunargögn vegna merkisins HANSA MERCHANT ICELAND hér á landi

Eigandi merkisins hefur lagt fram 3 skjöl, notkunargögn, til stuðnings notkun merkisins hér á landi:

- Leyfi eiganda sem ferðasali dagsferða, útgefið af Ferðamálastofu árið 2019
- Tölvupóstur frá samstarfsaðila, VON Iceland Harðfiskverkun ehf. um samstarf um vörupróun og markaðsefni og
- Stafðestingu frá formanni bæjarráðs Hafnarfjarðar um að eigandi merkisins hafi tekið virkan þátt í hafnfirsku bæjarlífi á stjórnsýslustigi, tengt menningar-og ferðamála á árunum 2018-2024.

Eigandi HANSA MERCHANT ICELAND hefur hins vegar ekki lagt fram gögn sem uppfylla ofangreind skilyrði vml. um raunverulega notkun, þ.e. sýnt vörumerkið í notkun gagnvart íslenskum neytendum. Engar vörur hafa verið merktar með vörumerkinu né útgefið markað-og/eða kynningarefni fyrir þær vörur og þjónustu sem merkið er skráð fyrir í flokkum 31, 33 og 39.

Staðfesting um að samstarf sé hafið eða í gangi um vörupróun og markaðsefni því tengdu sýnir ekki fram á notkun merkisins svo neinu nemi þar sem engar vörur eða markaðsefni liggur til grundvallar. Af staðfestingu frá formanni bæjarráðs Hafnarfjarðar verður ekki annað ráðið en að eigandi merkisins Þórdís Anna, sinni störfum/embættum fyrir Hafnarfjarðarbæ persónulega, óháð HANSA MERCHANT ICELAND, sem kjörinn fulltrúi.

Þá eru engin gögn sem notkun merkisins á internetinu, á vefsíðu eiganda þar sem vörur og þjónusta eru boðin til sölu eða kynnt að öðru leyti. Aflestur ársreikninga Hansa Merchant Iceland ehf., fyrir síðustu 5 ár, sem aðgengilegir eru á vef Ríkisskattstjóra, sést að engin virk atvinnustarfsemi hefur verið í félaginu. Skilyrði vörumerkjalaganna um raunverulega notkun eru því ekki uppfyllt.

Til að notkunarskylda teljist uppfyllt þarf notkun vörumerkis að tengjast raunverulegri markaðssetningu á þeirri vöru og þjónustu sem skráninga merkisins er ætlað að vernda og nær til.

Eigandi skráningar nr. V0081460, Hansa Merchant Iceland, hefur ekki lagt fram gögn um raunverulega markaðssetningu hér á landi. Ekki hafa verið lögð fram gögn sem sýna merkið notað í auglýsingum eða örðu markaðs-og kynningarefni sem beint er að íslenskum markaði og íslenskum neytendum.

III. Samantekt

Af meðfylgjandi gögnum er ljóst að framangreind vörumerkjaskráning er ekki í raunverulegri notkun á Íslandi í skilningi 5. gr. vml., þar sem framlögð gögn sýna ekki fram á notkun merkisins hér á landi með því, m.a. að bjóða þær vörur sem merkið er skráð fyrir í flokkum 31, 33 og 39 til sölu á Íslandi og nota það á viðskiptaskjölum.

Í ljósi framangreinds er telur beiðandi að fallaast beri á kröfu hans um niðurfellingar vörumerkjaskráningar nr. V0081460 HANSA MERCHANT ICELAND með ákvörðun Hugverkastofunnar fyrir allar vörur skráningarinnar í flokkum 31, 33 og 39.

Að lokum áskiljum við okkur rétt til að koma á framfæri frekari röksemdum og gögnum á síðari stigum málsins, gerist þess þörf.

Virðingarfyllst,
Arnason Faktor



Ragnheiður B. Sighvatsdóttir, lögfr.

Hugverkastofan
Katrínartúni 4
105 Reykjavík

Reykjavík 12. desember 2025

Efni: Greinargerð Þóreyjar Önnu Kort Matthíasdóttur vegna kröfu Hansa Borg Bryggerier AS um niðurfellingu vörumerkjaskráningar Hansa Merchant Iceland nr. V0081460

Tíl mín hefur leitað Þórey Anna Kort Matthíasdóttir (**umbjóðandi minn**) og falið mér að koma á framfæri athugasemdum í tilefni af framkominni kröfu Hansa Borg Bryggerier AS (**málshefjanda**) um að skráning merkisins Hansa Merchant Iceland, verði felld úr gildi á grundvelli 28. gr. c. laga um vörumerki nr. 45/1997, sbr. 25. gr. sömu laga.

Umbjóðandi minn mótmælir kröfunni og krefst þess að skráning vörumerkis haldi gildi sínu að öllu leyti í flokkum 31, 33 og 39.

Samhliða greinargerð þessari eru lögð fram ýmis gögn sem sýna fram á virka notkun umbjóðanda míns á vörumerki sínu.

Umbjóðandi minn skráði vörumerkið Hansa Merchant Iceland þann 3. maí 2011. Skráning var síðast endurnýjuð þann 8. nóvember 2021.

Hansa Merchant Iceland tengist menningartengdri ferðapjónstu sem byggir á sögu Hansa kaupmanna hér á landi og afleiddri starfsemi.

Vörumerkið er notað sem fyrirtækjaheiti skv. 4. tölul. 5. gr. laga um vörumerki, en umbjóðandi minn er eigandi að öllu hlutafé í félaginu Hansa Merchant Iceland ehf. kt. 520711-0150.

Miklum tíma hefur verið varið í undirbúning, öflun gagna, hönnun verkefna o.fl. Þá hefur umbjóðandi minn boðið upp á ýmsa viðburði til að vekja athygli á Hansa Merchant Iceland. Má þar m.a. nefna leiðsögn í Hansabænum í Hafnafirði, fyrirlestra um menningararf tengdum Hansakaupmönnum á Íslandi. Þá hefur umbjóðandi minn unnið að frumkvöðlavinnu með ferðapjónustu í Hansabænum á Stykkishólmi og í Eyjum í sama markmiði.

Margir aðilar hafa komið að verkefnum Hansa Merchant Iceland á einn eða annan hátt. Má þar nefna Markaðsstofu Hafnarfjarðar, Menninga- og ferðamálanefnd Hafnafjarðar, ásamt samstarfsaðilum um þróun og framleiðslu á sérhæfðum mat og drykk undir vörumerki Hansa Merchant Iceland. Má þar bæði nefna Ölvisholt brugghús og VON Harðfiskverkun. Í málinu liggja m.a. fyrir staðfestingar frá samstarfsaðilum.

Nýverið gerðist Hansa Merchant Iceland hluthafi í fyrirtæki sem flytur inn sænsk hús í því skyni að tryggja sér hagstæð kjör við uppbyggingu svokallaðs Hansaseturs.

Þann 27. september 2019 fékk Hansa Merchant Iceland ehf. útgefið starfsleyfi sem ferðasali dagsferða skv. lögum um ferðamálastofu nr. 96/2018.

Þann 31. október 2025 bárust frekari athugasemdir frá málshefjanda. Í erindinu ber málshefjandi því við að umbjóðandi minn hafi ekki lagt fram gögn sem sýni fram á raunverulega notkun vörumerkisins gagnvart íslenskum neytendum. Þá er því ranglega haldið fram að engar vörur hafi verið merktar með vörumerkingu né útgefið markaðs og/eða kynningarefni fyrir þær vörur og þjónustur sem merkið er skráð fyrir. Í erindinu kemur fram að engin gögn séu aðgengileg á internetinu þar sem vörur og þjónusta eru boðin til sölu eða kynnt að öðru leyti. Þá hafi ekki verið lögð fram gögn sem sýna merkið notað í auglýsingum eða öðru markaðs- og kynningarefni sem beint er að íslenskum markaði og íslenskum neytendum.

Umbjóðandi minn mótmælir framangreindu og leggur fram eftirfarandi viðbótargögn og sjónarmið.

I.

Umbjóðandi minn byggir á því að hann hafi með sannarlegum hætti notað vörumerkið Hansa Merchant Iceland á undanförnum fimm árum fyrir þær vörur og þjónustu sem merkið er skráð fyrir.

Við mat á notkun byggir umbjóðandi minn á því að skilgreiningin sé afar rúm og felist m.a. í þeirri skilgreiningu sem fram kemur í 5. gr. vörumerkjalaga. Í því samhengi leggur umbjóðandi minn áherslu á að notkun er ekki gerð tæmandi skil í ákvæðinu og nær m.a. til undirbúnings og markaðssetningar vöru.

Vörumerkið er notað sem fyrirtækjaheiti Hansa Merchant Iceland ehf. kt. 520711-0150. skv. 4. tölul. 5. gr. laga um vörumerki. Um er að ræða óslitna notkun frá stofnun félagsins þann 7. júlí 2011.

Umbjóðandi minn er einstaklingur og er persónulega skráður sem rétthafi vörumerkisins Hansa Merchant Iceland. Í því samhengi er umbjóðanda mínum heimilt að nýta vörumerkið hvort heldur í eigin nafni eða nafni félags síns Hansa Merchant Iceland ehf.

Hansa Merchant Iceland veitir þjónustu og afþreyingu með skipulögðum ferðum sem boðnar eru almenningi í atvinnuskyni sbr. 3. tölul. 6. gr. laga nr. 96/2018 um Ferðamálastofu. Um er að ræða leyfisskylda starfsemi en Hansa Merchant Iceland er handhafi opinbers starfsleyfis sem ferðasali dagsferða, útgefni af Ferðamálastofu þann 27. september 2019 skv. 7. gr. sömu laga.

Allt frá árinu 2014 hefur umbjóðandi minn boðið upp á reglulegar ferðir í atvinnuskyni fyrir innlenda aðila og erlenda ferðamenn um sögu Hansa kaupmanna. Ferðirnar hafa gjarnan farið þannig fram að ferðamenn safnast saman við Flensborgarhöfn. Þar er að finna minnisvarða um hansakaupmenn og fyrstu Lúthersku kirkuna á Íslandi. Þá hefur verið ekið með hópá upp að Hvaleyrarholti og gengið niður sem er í dag Jófríðarstarvegur.

Undanfarin ár hefur umræddur atvinnurekstur að mestu farið fram í nafni umbjóðanda míns undir markaðsheitinu Hansa Merchant Iceland.

Því til viðbótar hefur umbjóðandi minn boðið upp á ýmsa viðburði til að vekja athygli á verkefnum s.s. fyrirlestra um menningararf tengdum Hansakaupmönnum á Íslandi. Þá hefur umbjóðandi minn unnið að frumkvöðlavinnu með ferðapjónustu í Hansabænum á Stykkishólmi og í Eyjum undir markaðshetinu Hansa Merchant Iceland.

Eins og fram hefur komið hefur verið stefnt að því að setja á fót sérstakt setur um sögu Hansakaupmanna sem mun kallast Hansasetrið. Í meðfylgjandi kynningarefni er gert ráð fyrir frekari fjárfestum og að safnið geti opnað upplýsingasetur einhvern tíman eftir árið 2025. **(fylgiskj. 2)**

Í Hansasetri er m.a. stefnt að framleiðslu og/eða sölu á mat og áfengum drykkjum t.a.m mjöð í anda Hansakaupmanna undir markaðsheiti Hansa Merchant Iceland. Viðræður hafa staðið yfir við Ölvisholt brugghús sem mun í samvinnu við Hansasetrið þróa mjöð sem er ekki bjór en sækir rætur sínar í þann mjöð sem Hansakaupmenn drukku. Vert er að nefna að Hansakaupmenn fluttu til landsins brennivín ásamt nytjavörum á árum áður.

Byggt er á því að framangriend starfsemi falli undir vöruflokka 31, 33 og 39.

Á undanförnum fimm árum hefur vörumerkið verið notað í auglýsingum og á viðskiptaskjölum í tengslum við framangreint, skv. 3. tölul. 5. gr. laga um vörumerki.

Í málinu liggur fyrir kynningarefni Hansa verkefnisins upphaflega dagsett 10. október 2014. Vert er þó að nefna að sama kynningarefni hefur verið uppfært og notað margsinnis síðan þá í kynningum fyrir sveitafélög og fyrirtæki hér á landi. Í því samhengi er vakin sérstök athygli á því að kynningarefnið hefur bersýnlega verið uppfært og sýnir m.a. áætlaðar rekstrartekjur og hagnað fyrir Hansa Merchant Iceland ehf. á árinu 2022. **(fylgiskj. 2)**

Um er að ræða gögn sem sýna fram á undirbúning og markaðsetningu á vörum og þjónustu á vegum Hansa Merchant Iceland í skilningi 2. tölul. 5. gr. laga um vörumerki.

Í því samhengi er ítrekað á að skráning vörumerkisins var síðast endurnýjuð þann 8. nóvember 2021.

Því til viðbótar hefur umbjóðandi minn látið framleiða nafnspjöld merkt H.M Icelandic Events sem notuð eru í markaðs og kynningarskyni gagnvart íslenskum markaði og neytendum. **(fylgiskj. 3)** Vert er að nefna að orðasambandið „H.M. Icelandic events“ stendur fyrir Hansa Merchant Icelandic Events.

Varðandi athugasemdir frá málshefjanda um að vörumerkið sé ekki sýnilegt á internetinu er áréttað að Hansa Merchant Iceland er virkt aðildafyrirtæki að Markaðsstofu Hafnafjarðar í flokki fyrirtækja í ferðapjónustu. **(fylgiskj. 4)**

Um markaðstofuna og aðildafyrirtæki þess má lesa á heimasíðu markaðsstofunar <https://www.msh.is/aildarfyrirtki>

Þar kemur fram: “Í Hafnarfirði starfa hundruðir fyrirtækja. Markmið markaðsstofunnar er að sýna kraftinn, sköpunina og fjölbreytnina í atvinnulífi bæjarins og vekja athygli á fjölbreyttri og spennandi starfsemi fyrirtækja í Hafnarfirði og skapa samfélag fyrirtækja í Hafnarfirði. Með það að leiðarljósi að bæta mynd Hafnarfjarðar og auka eftirspurn eftir hvers konar þjónustu og atvinnustarfsemi á svæðinu.”

Á heimasíðunni kemur fram að Hansa Merchant Iceland sé menningartengd ferðaþjónusta sem byggist á sögu Hafnarfjarðar sem verslunarstaðar Hansakaupmanna.

Frá árinu 2019 hefur umbjóðandi minn haldið úti facebook síðunni Hansa Merchant Iceland ltd. Á undanförunum fimm árum hafa verið birtar auglýsingar og tilkynningar á síðunni sem tengjast íslenskri ferðaþjónustu og þeim verkefnum sem umbjóðandi minn hefur aðkomu að. ¹ (fylgiskj. 5)

Á undanförunum fimm árum hefur umbjóðandi minn prentað út einblöðunga í auglýsingaskyni. Þessar einblöðungar hafa m.a. verið aðgengilegir í rekkum hjá BSÍ og víðar. Meðfylgjandi er ódagsettur auglýsingatexti sem notaður var í því skyni. (fylgiskj. 6)

Umbjóðandi minn er í samstarfi við VON Harðfiskverkun ehf. kt. 490902-3170 um vörupróun og markaðssetningu á harðfiski undir vörumerkinu Hansa Merchant Iceland. Í málinu liggur fyrir tölvupóstur frá Jóhannes Egilssyni framkvæmdastjóra sem staðfestir framangreint.

Nú þegar eru til staðar harðfiskvörur sem auðkenndar eru með vörumerkinu Hansa Merchant Iceland sem boðnar eru til sölu á viðburðum og ferðum á vegum umbjóðanda míns, sbr. 2. tölul. 5. gr. laga um vörumerki. Í málinu liggur fyrir ljósmynd af slíkri vöru sem hönnuð var í samstarfi við Von Harðfisverskun (fylgiskj. 7)

Eins og fram hefur komið hefur umbjóðandi minn í hyggju að setja á fót svokallað Hansasetur á Íslandi. Um er að ræða stórt og metnaðarfullt verkefni sem kallar m.a. á aðkomu sveitafélaga. Undirbúningur verkefnisins hefur staðið yfir allt frá árinu 2014. Fyrirhugaðar byggingaframkvæmdir sem snúa að stofnun Hansasetursins hafa því miður tafist vegna gildra ástæðna. Má þar helst nefna áhrif af COVID faraldri á ferðaþjónustu hér á landi.

Ef svo ólíklega vill til að Hugverkastofa komist að þeirri niðurstöðu að vörumerkið uppfylli ekki viðtæk notkunarskilyrði laganna er á því byggt að fyrir því séu gildar ástæður í skilningi 1. mgr. 25. gr. laga um vörumerki.

Undirbúningur og þróun Hansasetursins er enn í fullum gangi. Í því samhengi gerðist Hansa Merchant Iceland ehf. nýlega hluthafi í fyrirtækjum sem flytja inn sænsk hús í því skyni að tryggja sér hagstæð kjör við uppbyggingu setursins.

Um er að ræða félagið Willa Sweden ehf. kt. 481225-3370. Samþykktir félagsins eru frá 22. september 2025 og er umbjóðandi minn varamaður í stjórn þess félags. (fylgiskj. 8)

¹ Sjá nánar: <https://www.facebook.com/profile.php?id=100031123932798>

Í málinu liggja fyrir samþykktir og stofngögn fyrir einkahlutafélagið PreFast Island ehf. Hansa Merchant Iceland er hluthafi í félaginu. Umbjóðandi minn ritar undir umrædd skjöl í nafni Hansa Merchant Iceland. **(fylgiskj. 9 og 10)**

Umrædd viðskipti eru einnig gerð í því skyni að tryggja hagstæð kjör við fyrirhugaða uppbyggingu Hansasetursins.


Vert er að nefna að þann 20. nóvember 2025 fékk PreFast Island ehf. úthlutaðar lóðir til uppbyggingar að Röðulstanga 5-11 og Röðulstanga 16. Í málinu liggur fyrir fundargerð frá Hrunamannahreppi dags. 20. nóvember 2025 sem sýnir fram á framangreint. **(fylgiskj. 11)**

Með vísan til alls framangreinds og framlagðra gagna telur umbjóðandi minn að skilyrði séu ekki uppfyllt til að ógilda vörumerkið Hansa Merchant Iceland í heild eða hluta vegna meints notkunarleysis í framangreindum flokkum.

Ef svo ólíklega vill til að Hugverkastofa komist að þeirri niðurstöðu að vörumerkið uppfylli ekki viðtæk notkunaraskilyrði laganna í öllum flokkum er á því byggt að fyrir því séu gildar ástæður í skilningi 1. mgr. 25. gr. laga um vörumerki. Þá er á það bent að hafi notkunar skyldu verið fullnægt fyrir hluta af þeim vörum eða þjónustu sem vörumerkið var skráð fyrir skuli ógilding ekki taka til þess hluta skráningar sbr. 5. mgr. 25. gr. laga um vörumerki. Í greinargerð með frumvarpi því er varð að gildandi lögum kemur fram að vörumerki verði ekki ógild fyrir vörum sem teljast mjög skyldar þeim vörum sem þegar hefur verið hafin notkun á. Með vísan til framangreinds og framlagðra gagna telur umbjóðandi minn að slíkar aðstæður séu uppi í máli þessu.

Umbjóðandi minn áskilur sér rétt til frekari gagnaframlagningar og til þess að koma frekari rökstuðning á síðari stigum gerist þess þörf.

Virðingarfyllt.
f.h. Þóreyjar Önnu Kort Matthíasdóttur


Sigurður G. Hafstað, lögmaður

Hjálögð skjöl:

1. Bréf þetta
2. Kynningarefni Hansa Merchant Iceland
3. Ljósmynd af nafnspjöldum H.M Icelandic Events
4. Skjáskot af heimasíðu Markaðsstofu Hafnarfjarðar
5. Skjáskot af Facebooksíðu Hansa Merchant Limited Ltd.
6. Ódagsettur texti fyrir auglýsingar
7. Ljósmynd af harðfíksumbúðum merktum Hansa Merchant Iceland
8. Vottorð úr fyrirtækjaskrá Willa Sweden
9. Samþykktir fyrir PreFast Island ehf.
10. Stofnfundargerð fyrir PreFast Island ehf.
11. Fundargerð Hrunamannahrepps dags. 20. nóvember 2025